



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 33. FUNDUR HREPPSNEFNDAR

### KJÖRTÍMABILID 2010 – 2014 12. FUNDUR ÁRSINS

#### VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 6. DESEMBER 2012

#### KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2012, þann 6. desember 2012 kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 2 mál, fundargerð fræðslunefndar vegna Flúðaskóla frá 3. desember s.l. og samning um sameiginlegt þjónustuvæði Suðurlands um þjónustu við fatlaða. Hreppsnefnd samþykkir að leggja þessi erindi fram.

#### **Erindi til hreppsnefndar:**

1. Fjárhagsáætlun 2013-2016. (Seinni umræða)
2. Ráðning leikskólastjóra.
3. Breytingar á flokkun úrgangs í Hrunamannahreppi.
4. Arion banki: Endurútreikningur lána.
5. Héraðsnefnd Árnesinga: Stofnsamningur Héraðsnefndar Árnesinga bs.
6. Tónsmiðja Suðurlands.
7. Samstarfssamningur um verkefni vegna IPA styrkumsóknar Uppsveita Árnessýslu.
8. Tækni við Uppsveita.
9. Þjóðskrá Íslands: Lokun umdæmisskrifstofunnar á Selfossi.
10. Björgunarfélagið Eyvindur. Beiðni um styrk vegna gatnagerðargjalda.
11. Snorraverkefnið: Ósk um stuðning.
12. Hérðassambandið Skarphéðinn: Ósk um áframhaldandi styrk til HSK.
13. Landsbyggðin lífi: Umsókn um styrk vegna starfsemi Landsbyggðin lífi.
14. Stígamót: Fjárbeiðni fyrir árið 2013.
15. Sorpa, Sorpstöð Suðurlands og fleiri: Fyrirspurn um urðunarstað fyrir úrgang.
16. Samningur um garða- og sláttuþjónustu. Framlenging.
17. Samningur um rekstur fjallakofa. Viðauki um framlengingu.
18. Samningar um refaveiðar.
19. Minjasafn Emils Ásgeirssonar í Gröf.
20. Aukaaðalfundur SASS.
21. Deiliskipulag: Miðfell 3.
22. Leikskólinn Undraland: Ársskýrsla skólaárið 2011-2012 og starfsáætlun skólaárið 2012-2013.
23. Samband íslenskra sveitarfélaga: Drög að frumvarpi til laga um almenningsamgöngur á landi.
24. Velferðanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um húsaleigubætur (réttur námsmanna).
25. Velferðanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um sjúkratryggingar (samningar sjúkratryggingastofnunar).
26. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um miðstöð innanlandsflugs (hlutverk Reykjavíkflugvallar).
27. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum (tvöfalt lögheimili).
28. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um verndar- og orkunýtingaráætlun (flokkun virkjunarkosta og gerð orkunýtingaráætlunar).
29. Næsti fundur hreppsnefndar.

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

30. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 14. fundar landbúnaðarnefndar frá 12. nóvember s.l.

31. Fræðslunefnd: Fundargerð 17. fundar vegna Undralands frá 28. nóvember s.l.
32. Umhverfisnefnd: Fundargerð 9. fundar Umhverfisnefndar frá 28. nóvember s.l.
33. Veitustjórn: Fundargerð 23. fundur veitustjórnar frá 3. desember s.l.  
-liggur frammi á fundinum-
34. 1. fundur vegna gerð skólustefnu fyrir leikskóla og grunnskóla Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps og stefnu fyrir félagsmiðstöðina Zero.

**Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:**

35. Oddvitafundur 2. nóvember 2012.
36. Oddvitafundur 28. nóvember 2012.
37. 13. fundur stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúaembættis Uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps bs. frá 22. nóvember s.l.
38. 53. fundur skipulags- og bygginganefndar frá 22. nóvember, 89. afgreiðslufundur byggingarfulltrúa frá 6. nóvember.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

- a. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 145. fundar Heilbrigðisnefndar frá 18. október s.l.
- b. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 146. fundar Heilbrigðisnefndar frá 23. nóvember s.l.
- c. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 222. fundar stjórnar frá 13. nóvember s.l.
- d. SASS: Fundargerð 461. fundur stjórnar frá 5. nóvember s.l.
- e. Almannaþingarnefnd Árnassýslu: 12. fundur frá 16. október s.l.

**Kynningarmál:**

- f. Skipulagsstofnun: Ósk um umsögn frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, vegna þjónustuhúss við Ásgarðsá.
- g. Jöfnunarsjóður: Áætluð úthlutun framlags vegna sérþarfa fatlaðra nemenda í grunnskólum fjárhagsárið 2013.
- h. Jöfnunarsjóður: Áætlun um úthlutun framlaga til sveitarfélagsins vegna nýbúafræðslu.
- i. Samband orkusveitarfélaga: Fundargerð 4. fundar stjórnar frá 29. júní s.l.
- j. Samband orkusveitarfélaga: Fundargerð 5. fundar stjórnar frá 7. september s.l.
- k. Samband orkusveitarfélaga: Fundargerð 6. fundar stjórnar frá 14. september s.l.
- l. Reiðhöllin Flúðum ehf: Fundargerð aðalfundar frá 25. nóvember s.l.
- m. Reiðhöllin Flúðum ehf: Ársreikningur 2009.
- n. Reiðhöllin Flúðum ehf: Ársreikningur 2010.
- o. Reiðhöllin Flúðum ehf: Ársreikningur 2011.
- p. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Starfsleyfi Fossnámu í Hrunamannahreppi.
- q. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Umsögn um gjaldskrár fyrir meðhöndlun úrgangs og fráveitu.
- r. Viðhald Kjalvegur.
- s. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 800. fundar frá 26. október s.l.
- t. SASS: Ályktanir ársþings Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 2012.
- u. Auglýsing um umferð í Hrunamannahreppi.
- v. Skipulagsstofnun: Áriðandi tilkynning varðandi gildi deiliskipulags sem birt hefur verið í Stjórnartíðindum árin 2011-2012.
- w. Hótel Flúðir: Ársreikningur 2011.
- x. Eignarhaldsfélag Brunabótafélags Íslands: Kynningarfundur..
- y. Fjölmíðlavaktin.
- z. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 801. fundar frá 23. nóvember s.l.
- aa. Þjóðskrá Íslands: Skráning og mat hafnarmannvirkja.
- bb. Gjaldskrá fyrir leyfisveitingar og þjónustu skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps.
- cc. SASS: Fundargerð 43. aðalfundar SASS frá 18.-19. október s.l.
- dd. SASS: Fundargerð 462. fundar stjórnar SASS frá 29. nóvember s.l.

**Fundir framundan:**

- ee. Aukaaðalfundur SASS 14. desember 2012.
- ff. Brunavarnir Árnassýslu: Undirskrift 28. desember n.k. á Flúðum.

## **Gengið til dagskrár:**

### **Erindi til hreppsnefndar:**

#### **1. Fjárhagsáætlun 2013-2016. Seinni umræða.**

Lagt var fram minnisblað um breytingar á fjárhagsáætlun 2013-2016 milli 1. og 2. umræðu. Sveitarstjóri fór yfir breytingar á áætlun ársins 2013 sem snerta bæði tekju- og gjaldalið fjárhagsáætlunarinnar en þær leiða til þess að niðurstaða fjárhagsáætlunarinnar breytist um aukin útgjöld upp á 3.000.000 króna.

Helstu niðurstöðutölur fyrir árið 2013 verða því þessar:

Rekstrarniðurstaða A hluta jákvæð um kr. 7.941.000.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta jákvæð um kr. 14.450.000.

Veltufé frá rekstri kr. 68.741.000.

Heildareignir A. hluta kr. 860.687.000.

Heildareignir A og B. hluta kr. 951.333.000.

Heildarskuldir og skuldbindingar A hluti kr. 383.996.000.

Heildarskuldir og skuldbindingar A og B hluta kr. 614.198.000.

Eigið fé A hluta kr. 476.691.000.

Eigið fé A og B hluta kr. 337.135.000.

Skuldahlutfall 87% af heildartekjum.

Gert er ráð fyrir nettófjárfestingum í eignasjóði að fjárhæð kr. 20,0 millj. í áætluninni, þar af 8.000.000 í gatnagerð, en ekki er gert ráð fyrir lántökum. Hreppsnefnd samþykkir að stefna að því að klára að leggja bundið slitlag á íbúðargötur á Flúðum á næstu 3 árum, þannig að Ásastígur verði tekinn fyrir 2013, Hofin 2014, Högnastígur 2015 og Vesturbrún á árabílinu 2013-2015 eftir svigrúmi í fjárhagsáætlun. Ekki er að svo komu máli gert ráð fyrir breytingum á fjárhagsáætlun vegna endurreiknings gengisláns frá Arion banka. Vísað er að öðru leyti til framlagðra gagna og samþykkt frá 32. fundi hreppsnefndar frá 1. nóvember s.l. og framlagðs minnisblaðs um breytingar á fjárhagsáætlun.

Sveitarstjóri fór einnig yfir fjárhagsáætlun 2014-2016 en ekki hafa orðið breytingar á henni milli umræðna en farið var yfir helstu forsendur hennar á síðasta fundi hreppsnefndar þann 1. nóvember s.l. Vísað er til framlagðra gagna en þar er m.a. gert ráð fyrir svipuðum rekstri og fjárfestingum og í fjárhagsáætlun 2013.

Hreppsnefnd samþykkir þær breytingar sem hafa verið gerðar milli umræðna og fjárhagsáætlun 2013 að öðru leyti en því að Esther og Gunnar samþykkja ekki hækkunir á hitaveitugjöldum né heimtaugagjöldum vegna fráveitu, hitaveitu og vatnsveitu. Hreppsnefnd samþykkir fjárhagsáætlun 2014-2016 samhljóða.

#### **2. Ráðning í stöðu leikskólastjóra.**

Oddviti kynnti feril vegna ráðningar nýs leikskólastjóra við leikskólann Undraland á Flúðum. Fyrir liggur álit fræðslunefndar og ráðgefandi álit Skólaskrifstofu Suðurlands á umsækjendum. Hreppsnefnd samþykkir að ráða Höllu Gunnarsdóttur sem leikskólastjóra frá og með næstu áramótum og felur sveitarstjóra að ganga frá ráðningarsamningi. Þá vill hreppsnefnd þakka þeim Eyðísi Helgadóttur og Halldóru Halldórsdóttur fyrir góð störf sem leikskólastjórar síðustu ár og óska þeim velfarnaðar.

#### **3. Breytingar á flokkun úrgangs í Hrunamannahreppi.**

Oddviti fór yfir vinnu sem fram hefur farið vegna skoðunar á því að auka flokkun úrgangs í Hrunamannahreppi. Þá liggur fyrir álit Umhverfisnefndar um að mæla með að tekin verði upp Blátunna í Hrunamannahreppi. Hreppsnefnd samþykkir að tekin verði upp tveggja tunnuna flokkun, grá- og blátunna, við hvert heimili í Hrunamannahreppi. Gert er ráð fyrir að búið verði að innleiða ferlið eigi síðar en 1. september 2013. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að útbúa nýjar samþykktir um flokkun úrgangs fyrir Hrunamannahrepp í samræmi við þessar breytingar og byrja feril við kaup á nauðsynlegum ílátum vegna breytinganna.

#### **4. Arion banki: Endurútreikningur lána.**

Oddviti kynnti bréf frá Arion banka þar sem hafnað var endurútreikningi á gjaldeyrislánum Hrunamannahrepps. Þá fór hann yfir viðræður við bankann og kynnti tölvupóst frá Arion banka þar sem tilkynnt var að Arion banki fallist á að

eldra gjaldeyrislán Hrunamannahrepps sé ólögmaett gjaldeyrislán og verði endurreiknað. Hreppsnefnd fagnar því að fallist sé á sjónarmið sveitarfélagsins að eldra lánið eigi að sæta endurútreikningi en lýsir vonbrigðum með að það nái ekki einnig til yngra lánsins. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að fylgjast með frekari þróun dómsmála vegna gjaldeyrislána og eftir atvikum að afla frekari upplýsingar um réttarstöðu sveitarfélagsins vegna gjaldeyrislánsins.

5. **Héraðsnefnd Árnesinga: Stofnsamningur Héraðsnefndar Árnesinga bs.**

Oddviti kynnti nýjan stofnsamning fyrir Héraðsnefnd Árnesinga bs. Hreppsnefnd samþykkir samninginn og felur oddvita að undirrita hann.

6. **Tónsmiðja Suðurlands.**

Oddviti kynnti bréf frá foreldrum barna sem stunda nám við Tónsmiðju Suðurlands. Þá var farið yfir þær breytingar sem hafa orðið á endurgreiðslum Jöfnunarsjóðs vegna tónlistarnemenda í framhaldsnámi. Í ljósi þess að fjárhagslegt svigrúm sveitarfélagsins hefur aukist við endurgreiðslur Jöfnunarsjóðs samþykkir hreppsnefnd að semja við Tónsmiðju Suðurlands til tveggja ára um greiðslur vegna tveggja nemendaígilda skólaárin 2013-2015. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að ganga frá samningi við Tónsmiðju Suðurlands.

7. **Samstarfssamningur um verkefni vegna IPA styrkumsóknar Uppsveita Árnessýslu.**

Oddviti kynnti samstarfssamning Uppsveita Árnessýslu vegna IPA styrkumsóknar. Hreppsnefnd samþykkir samninginn og felur oddvita að undirrita hann.

8. **Tæknisvið Uppsveita.**

Oddviti kynnti viðræður og drög að samstarfssamningi um sameiginlegt tæknisvið Uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps en möguleiki er þó að þátttökuhlutfall sveitarfélaganna breytist. Hreppsnefnd samþykkir samingsdrögin fyrir sitt leyti og felur oddvita að undirrita hann.

9. **Þjóðskrá Íslands: Lokun umdæmisskrifstofunnar á Selfossi.**

Oddviti kynnti bréf frá Þjóðskrá Íslands um lokun á umdæmisskrifstofu Þjóðskrár á Selfossi. Hreppsnefnd harnar að skrifstofunni sé lokað og sé til þess eins fallið að draga úr þjónustu á landsbyggðinni og á einu helsta uppbyggingarsvæði Íslands.

10. **Björgunarfélagið Eyvindur: Gatnagerðargjöld.**

Lagt fram erindi frá Björgunarfélaginu Eyvindi þar sem óskað er eftir að Hrunamannahreppur styrki félagið sem nemi álögðum gatnagerðargjöldum vegna Smiðjustígs. Hrunamannahreppur samþykkir að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við félagið um vinnu fyrir sveitarfélagið upp í styrkfjárhæðina. Halldóra viku sæti við afgreiðslu málsins.

11. **Snorraverkefnið: Ósk um stuðning.**

Oddviti kynnti beiðni um styrk vegna Snorraverkefnis. Hreppsnefnd hafnar erindinu.

12. **Hérðassambandið Skarphéðinn: Ósk um áframhaldandi styrk til HSK.**

Oddviti kynnti beiðni frá HSK um fjárframlag á hvern íbúa sveitarfélagsins. Hrunamannahreppur getur ekki orðið við beiðninni og vísar til þess að sveitarfélagið er að styrkja HSK í gegnum Héraðsnefnd Árnesinga.

13. **Landsbyggðin lifi: Umsókn um styrk vegna starfsemi Landsbyggðin lifi.**

Oddviti kynnti beiðni um styrk vegna starfsemi Landsbyggðin lifi. Hreppsnefnd hafnar erindinu.

14. **Stígamót: Fjárbeiðni fyrir árið 2013.**

Oddviti kynnti beiðni um fjárstuðning til reksturs Stígamóta. Hreppsnefnd samþykkir að styrkja samtökin um kr. 30.000.

15. **Sorpa, Sorpstöð Suðurlands og fleiri: Fyrirspurn um urðunarstað fyrir úrgang.**

Oddviti kynnti fyrirspurn frá samráðshóp sorpsamlaganna um mögulegan urðunarstað fyrir úrgang. Hreppsnefnd telur því miður að aðstæður í Hrunamannahreppi bjóði ekki upp á sameiginlegan urðunarstað. Hreppsnefnd hvetur sveitarfélögin á Suðurlandi að skoða alvarlega hvort ekki sé hægt að finna á svæði Sorpstöðvar Suðurlands hentugt svæði til urðunar úrgangs. Ef rétt er staðið að flokkun sorps þá séu tækifæri sem fylgja slíkum urðunarstað.

16. **Samningur um garða- og sláttupjónustu. Framlenging.**  
Oddviti fór yfir að samningur um garða- og sláttupjónustu á Flúðum rennur út um áramótin en í honum var framlengingarheimild til tveggja ára. Hreppsnefnd samþykkir að nýta sér ákvæði samningsins um að framlengja honum í tvö ár og felur sveitarstjóra að ganga frá framlengingunni.
17. **Samningur um rekstur fjallaskála. Framlenging.**  
Oddviti fór yfir að samningur um rekstur fjallaskála rennur út um áramótin en heimild var í honum að framlengja samningum til fjögurra ára. Hreppsnefnd samþykkir að nýta sér ákvæði samningsins um að framlengja samninginn um fjögur ár og felur sveitarstjóra að ganga frá málinu.
18. **Samningar um refa- og minkaveiðar.**  
Oddviti fór yfir að samningar við veiðimenn sveitarfélagsins um refa- og minkaveiðar í sveitarfélaginu renna út um áramótin. Hreppsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra að ganga frá nýjum samningum til eins árs við veiðimenn sveitarfélagsins á grundvelli eldri samninga og með hliðsjón af umræðum á fundinum.
19. **Minjasafn Emils Ásgeirssonar í Gröf.**  
Oddviti fór yfir viðræður sem fram hafa farið við erfingja Emils Ásgeirssonar og o.fl. með það í huga að koma á fót veglegu landbúnaðarsafni Uppsveita á Flúðum sem myndi heita Minjasafn Emils Ásgeirssonar í Gröf. Auk þess er áhugi að tengja það safni sem myndi fjalla um sögu Fjalla-Eyvindar og Höllu. Hreppsnefnd felur oddvita að skoða hvort tækifæri verður til að kynna málið á aukafundi Héraðsnefndar Ársnesinga þann 17. desember n.k.
20. **Aukaaðalfundur SASS.**  
Aukaaðalfundur SASS verður haldinn á Selfossi þann 14. desember n.k. Hreppsnefnd samþykkir að eftirtaldir verði fulltrúar hennar á aukaaðalfundi SASS: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir og Gunnar Þór Jóhannesson en til vara Unnsteinn Eggertsson og Esther Guðjónsdóttir.
21. **Deiliskipulag: Miðfell 3.**  
Lögð fram að nýju tillaga að deiliskipulagi um 1 ha spildu úr landi Miðfells 3 í Hrunamannahreppi þar sem fyrirhugað er að reisa gistihús. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir gistihús á einni hæð og er hámarksnýtingarhlutfall 0,15. Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir um 16 herbergjum með möguleika á að fjölga herbergjum í 36. Tillagan var auglýst til kynningar skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, ásamt aðalskipulagsbreytingu fyrir svæðið, 21. júní 2012 með athugasemdafresti til 3. ágúst. Engar athugasemdir bárust en ein athugasemd barst í kynningarferlinu. Tillagan var samþykkt með smávægilegum breytingum 16. ágúst sl. en er lögð fram að nýju þar sem auglýsing um gildistöku hefur ekki birst í B-deild stjórnartíðinda.  
Deiliskipulagið samþykkt að nýju.
22. **Leikskólinn Undraland: Ársskýrsla skólaárið 2011-2012 og starfsáætlun skólaárið 2012-2013.**  
Oddviti kynnti ársskýrslu Leikskólans Undralands og starfsáætlun fyrir skólaárið 2012-2013. Hreppsnefnd þakkar fyrir góða skýrslu.
23. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Drög að frumvarpi til laga um almenningssamgöngur á landi.**  
Oddviti kynnti drög að frumvarpi til laga um almenningssamgöngur á landi. Hreppsnefnd fagnar því að til eru að verða alvöru almenningssamgöngur á Íslandi.
24. **Velferðanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um húsaleigubætur (réttur námsmanna).**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðanefnd Alþingis um frumvarp til laga um húsaleigubætur vegna réttar námsmanna. Hreppsnefnd styður breytinguna.
25. **Velferðanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um sjúkratryggingar (samningar sjúkratryggingastofnunar).**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðanefnd Alþingis um frumvarp til laga um sjúkratryggingu vegna samninga sjúkratryggingastofnunar.
26. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um miðstöð innanlandsflugs (hlutverk Reykjavíkurlugvallar).**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um miðstöð innanlandsflugs og hlutverk Reykjavíkurlugvallar.

Hreppsnefnd tekur heils hugar undir það sjálfsagða sjónarmið að Reykjavíkurflugvöllur verði áfram miðstöð innanlandsflugs á þeim stað sem hann er í dag.

**27. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum (tvöfalt lögheimili).**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum.

**28. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um verndar- og orkunýtingaráætlun (flokkun virkjunarkosta og gerð orkunýtingaráætlunar).**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um verndar- og orkunýtingaráætlun um flokkun virkjunarkosta og gerð orkunýtingaráætlunar. Hreppsnefnd ítrekar fyrri athugasemdir sínar og vill einnig taka undir álit SASS vegna málsins. Hreppsnefnd harmar þær breytingar sem hafa orðið á frumvarpinu í meðhöndlun Alþings.

**29. Næsti fundur hreppsnefndar.**

Hreppsnefnd samþykkir að næsti fundur hreppsnefndar verði fimmtudaginn 10. janúar kl. 14:00 í ráðhúsinu á Flúðum.

**Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

**30. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 14. fundar landbúnaðarnefndar frá 12. nóvember s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð landbúnaðarnefndar frá 12. nóv s.l. Tekið fyrir kort af Hrunamannahreppi sem sýnir flokkun vega fyrir ofan hálendislínu og farið yfir svonefnt slóðakort. Gerð var ein athugasemd við slóðakortið og óskað leiðréttingar. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

**31. Fræðslunefnd: Fundargerð 17. fundar vegna Undralands frá 28. nóvember s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð fræðslunefndar vegna Undralands. Farið var yfir skýrslu leikskólastjóra og fjallað var um ráðningu leikskólastjóra. Lagt var fram ráðgefandi álit Skólaskrifstofu Suðurlands vegna ráðningarinnar í starfið. Fræðslunefnd tekur undir ráðgefandi álit Skólaskrifstofu og leggur til að Halla Gunnarsdóttir verði ráðin sem leikskólastjóri Undralands frá 1. janúar 2013. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

**32. Umhverfisnefnd: Fundargerð 9. fundar Umhverfisnefndar frá 28. nóvember s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð Umhverfisnefndar frá 28. nóv s.l. Þar var farið yfir sorpmál en nefndin leggur til að tekin verði upp flokkun á sorpi með tveggja tunnuna kerfi hjá íbúum sveitarfélagsins. Þá var lagt til að sveitarfélagið útvegi tunnur og að sveitarstjórn láti kanna kostnað miðað við þessar breytingar og ef af verði þá taki breytingarnar gildi frá og með 1. maí 2013. Farið var yfir önnur mál, deiliskipulag fyrir gámasvæði og SEEDS kynnt. Hreppsnefnd telur heppilegra að meira svigrúm verði veitt í innleiðingu blátunnuvæðingu og einnig að í fjárhagsáætlun 2013 hafi verið gert ráð fyrir kostnaði vegna breytingarinnar. Að öðru leyti samþykkir hreppsnefnd fundargerðina.

**33. Veitustjórn: Fundargerð 23. fundar veitustjórnar frá 3. desember s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð veitustjórnar frá 3. desember. Farið var yfir þörf á endurnýjun á rafstöð í dæluhúsi í Hruna og kynntar voru viðræður við sveitarfélög í Uppsveitunum um tilraunaverkefni með sameiginlegt tækisvið í eitt ár. Þá var rætt um auglýsingar og styrki hitaveitunnar. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

**34. 1. fundur vegna gerð skólastefnu fyrir leikskóla og grunnskóla Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps og stefnu fyrir félagsmiðstöðina Zero.**

Oddviti kynnti fundargerð vegna sameiginlegrar skólastefnu fyrir leik- og grunnskóla Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepp og stefnu fyrir félagsmiðstöðina Zero. Farið var yfir verklag við vinnu skólastefnunnar og aðkomu foreldra að vinnu í hópunum, og skipað í hópa. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

**Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:**

**35. Oddvitafundur 2. nóvember 2012.**

Oddviti kynnti fundargerð Oddvitafundar frá 2. nóvember s.l. Þar var farið yfir vinnu við IPA styrkumsókn Uppsveita og ráðningarmál hjá embætti skipulags- og byggingarfulltrúa rædd. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

**36. Oddvitafundur 28. nóvember 2012.**

Oddviti kynnti fundargerð Oddvitafundar frá 28. nóvember s.l. Farið var yfir stöðu mála vegna IPA styrkumsóknar og launakjör ferðamálafulltrúa. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

**37. 13. fundur stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúaembættis Uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps bs. frá 22. nóvember s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 13. fundar stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúaembættis uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps bs. Farið var yfir stöðu mála varðandi aðkomu Ásahrepps í byggðasamlagið. Þá var farið yfir starfsmannamál embættisins og niðurstaða úrskurðarnefndar skipulags- og byggingamála rædd. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

**38. 53. fundur skipulags- og bygginganefndar frá 22. nóvember, 89. afgreiðslufundur byggingarfulltrúa frá 6. nóvember.**

Oddviti kynnti fundargerð 53. fundar Skipulags- og bygginganefndar frá 22. nóvember. s.l. ásamt 89. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa. Afgreiðsla einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp er eftirfarandi:

Nr. 2: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Lögð fram til kynningar fundargerð 89. afgreiðslufundar frá 6. nóvember 2012 en þar var eitt mál sem snertir Hrunamannahrepp.

Nr. 3: Hrunakrókur.

Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu nefndarinnar um að heimila endurgerð hússins í samræmi við fyrirliggjandi erindi.

Nr. 4: Sóleyjarbakki 166830.

Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og heimilar byggingarfulltrúa að veita byggingarleyfi fyrir húsi skv. fyrirliggjandi umsókn.

Nr. 6: Birtingaholt 2, 4 og 5

Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að deiliskipulagstillaga fyrir bæjartorfu Birtingaholts 2, 4 og 5 verði auglýst að nýju skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Nr. 7: Dsk. Syðra-Langholt 2

Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að deiliskipulagstillaga fyrir u.þ.b. 3,96 ha frístundasvæði í landi Syðra-Langholts 2 sem nefnis Vesturhlíð verði auglýst að nýju skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Nr. 8: Dskbr. Dalabyggð, Tjarnar- og Hlíðardalur

Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir fyrirliggjandi breytingu á deiliskipulagi við Tjarnar- og Hlíðardal skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynning fellur niður þar sem tillagan hefur áður verið kynnt án athugasemda og þegar er búið að framkvæma í samræmi við breytinguna.

Nr. 9: Gata – deiliskipulag gróðurhúsasvæðis

Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að deiliskipulagstillaga fyrir garðyrkjubýlið Götu sem nær yfir um 4,7 ha svæði verði auglýst að nýju skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Nr. 10: Gröf land 212305 – deiliskipulag

Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að deiliskipulagstillaga 5,6 ha spildu fyrir 6 frístundahúsalóðir og svæði fyrir skógrækt verði auglýst að nýju skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Nr. 11: Hveramýri 1-7 – deiliskipulag

Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að deiliskipulagstillaga fyrir 7 frístundahúsalóðir á landsspildunni Hveramýri úr landi Garðs verði auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Nr. 12: Högnastaðir – deiliskipulag

Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að deiliskipulag 24,6 ha svæðis fyrir frístundabyggð úr landi Högnastaða sem liggur meðfram

Bræðratunguvegi að sunnarverðu verði auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Nr. 13: Reykjadalur, Dalabyggð – deiliskipulagsbreyting

Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að deiliskipulagsbreyting frístundabyggðarinnar Dalabyggð sem felst í að lóðum fækkar úr 35 í 23 auk breytinga á skilmálum verði auglýst að nýju skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Nr. 14: Sunnuhlíð – brdsk íbúðarsvæðis

Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að breyting á deiliskipulagi íbúðarsvæði í landi Sunnuhlíðar, 2. áfangi íbúðarbyggðar, verði auglýst að nýju skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Nr. 15: Tjarnar- og Hlíðardalur

Skipulags- byggingarnefnd mælir með að deiliskipulagsbreytingin verði að auglýst að nýju skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Að mati hreppsnefndar er um óverulega breytingu á deiliskipulagi að ræða og samþykkir hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 213/2010. Um er að ræða breytingu á skilmálum til samræmis við ákvæði aðalskipulags og skilmála flestra annarra frístundabyggðarsvæða í sveitarfélaginu. Þá er einnig verið að afmarka lóðir í samræmi við raunverulega afmörkun þeirra, þ.e. núverandi afmörkun er í samræmi við breytingu deiliskipulagsins. Grenndarkynning fellur niður þar sem tillagan hefur þegar verið auglýst án athugasemda auk þess sem þegar er búið að framkvæma í samræmi við breytingu.

Að öðru leyti er fundargerðin samþykkt samhljóða.

#### **Önnur mál:**

#### **39. Fræðslunefnd: Fundargerð 20. fundar vegna Flúðaskóla frá 3. desember s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð fræðslunefndar vegna Flúðaskóla frá 3. desember s.l. Þar var fjallað um skólanámsskrá 2012-2013 og starfsmannamál. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

#### **40. Samningur um sameiginlegt þjónustusvæði Suðurlands um þjónustu við fatlaða.**

Lagður er fram endurskoðaður samningur um sameiginlegt þjónustusvæði Suðurlands um þjónustu við fatlaða. Hreppsnefnd samþykkir samninginn og felur oddvita að undirrita hann.

#### **Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

- a. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 145. fundar Heilbrigðisnefndar frá 18. október s.l.** Lagt fram til kynningar.
- b. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 146. fundar Heilbrigðisnefndar frá 23. nóvember s.l.** Lagt fram til kynningar.
- c. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 222. fundar stjórnar frá 13. nóvember s.l.** Lagt fram til kynningar.
- d. **SASS: Fundargerð 461. fundur stjórnar frá 5. nóvember s.l.** Lagt fram til kynningar.
- e. **Almannavarnarnefnd Árnessýslu: 12. fundur frá 16. október s.l.** Lagt fram til kynningar.

#### **Kynningarmál:**

- f. **Skipulagsstofnun: Ósk um umsögn frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, vegna þjónustuhúss við Ásgarðsá.** Lagt fram til kynningar.
- g. **Jöfnunarsjóður: Áætluð úthlutun framlags vegna sérparfa fatlaðra nemenda í grunnskólum fjárhagsárið 2013.** Lagt fram til kynningar.
- h. **Jöfnunarsjóður: Áætlun um úthlutun framlaga til sveitarfélagsins vegna nýbúafraeðslu.** Lagt fram til kynningar.
- i. **Samband orkusveitarfélaga: Fundargerð 4. fundar stjórnar frá 29. júní s.l.** Lagt fram til kynningar.
- j. **Samband orkusveitarfélaga: Fundargerð 5. fundar stjórnar frá 7. september s.l.** Lagt fram til kynningar.
- k. **Samband orkusveitarfélaga: Fundargerð 6. fundar stjórnar frá 14. september s.l.** Lagt fram til kynningar.



- l. **Reiðhöllin Flúðum ehf: Fundargerð aðalfundar frá 25. nóvember s.l.** Lagt fram til kynningar.
- m. **Reiðhöllin Flúðum ehf: Ársreikningur 2009.** Lagt fram til kynningar.
- n. **Reiðhöllin Flúðum ehf: Ársreikningur 2010.** Lagt fram til kynningar.
- o. **Reiðhöllin Flúðum ehf: Ársreikningur 2011.** Lagt fram til kynningar.
- p. **Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Starfsleyfi Fossnámu í Hrunamannahreppi.** Lagt fram til kynningar.
- q. **Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Umsögn um gjaldskrár fyrir meðhöndlun úrgangs og fráveitu.** Lagt fram til kynningar.
- r. **Viðhald Kjalvegur.** Lagt fram til kynningar.
- s. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 800. fundar frá 26. október s.l.** Lagt fram til kynningar.
- t. **SASS: Ályktanir ársþings Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 2012.** Lagt fram til kynningar
- u. **Auglýsing um umferð í Hrunamannahreppi.** Lagt fram til kynningar.
- v. **Skipulagsstofnun: Áríðandi tilkynning varðandi gildi deiliskipulags sem birt hefur verið í Stjórnartíðindum árin 2011-2012.** Lagt fram til kynningar.
- w. **Hótel Flúðir: Ársreikningur 2011.** Lagt fram til kynningar.
- x. **Eignarhaldsfélag Brunabótafélags Íslands: Kynningarfundur..** Lagt fram til kynningar.
- y. **Fjölmiðlavaktin.** Lagt fram til kynningar.
- z. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 801. fundar frá 23. nóvember s.l.** Lagt fram til kynningar.
- aa. **Þjóðskrá Íslands: Skráning og mat hafnarmannvirkja.** Lagt fram til kynningar.
- bb. **Gjaldskrá fyrir leyfisveitingar og þjónustu skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps.** Lagt fram til kynningar.
- cc. **SASS: Fundargerð 43. aðalfundar SASS frá 18.-19. október s.l.** Lagt fram til kynningar.
- dd. **SASS: Fundargerð 462. fundar stjórnar SASS frá 29. nóvember s.l.** Lagt fram til kynningar.

**Fundir framundan:**

- ee. **Aukaaðalfundur SASS 14. desember 2012.**
- ff. **Brunavarnir Árnessýslu: Undirskrift 28. desember n.k. á Flúðum.**
- gg. **Aukafundur Héraðsnefndar Árnesinga þann 17. desember nk.**

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:30.